

Nd.

## 216. Nefndarálit

[17. mál]

um frv. til laga um dómsmálastörf, lögreglustjórn, gjaldheimtu o. fl. í Reykjavík.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur lítillaga rætt frumvarpið á einum fundi og varð ekki sammála um afgreiðslu þess. Meiri hl. mælir með því, að það verði samþykkt óbreytt, en undirritaður leggur til, að við 11. gr. verði bætt nýrri málsgrein samkvæmt ábendingu frá Lögmannafélagi Íslands.

Greinargerð fyrir þessari viðbótartillögu Lögmannafélagsins er á þessa leið:

„Starfsmenn ríkisins, þeir er í lögum þessum greinir, hafa sinnt ýmsum laun-  
uðum aukastörfum, sem trauðla geta samrýmzt stöðu þeirra. Þeir hafa verið nefndir  
í matsnefndir og gerðardóma. Þeir hafa tekið að sér skiptaforstjórn í dánar- og  
félagsbúum. Þeir hafa annazt einkaskipti á búum, innheimtur, málflutning og fast-  
eignasölu, svo að nokkuð sé nefnt, og tekið lögmansþóknun fyrir.

Ætla mætti, að þetta skipti litlu máli, en svo er þó ekki.

Erlendis þekktist það hvergi, að dómurum og fulltrúum þeirra sé leyft að gegna  
almennum lögmansstörfum né öðrum störfum, er valda vanhæfi þeirra í starfinu,  
enda alls staðar talið siðferðislega rangt. Alkunnugt er, að einn helzti gallinn á  
réttarfari á Íslandi er sá, að afgreiðsla mála dregst úr öllu hófi. Er um kennt  
mannfæð við þessi störf. Vegna þessa hafa ýmsir þessara manna fengið launaupp-  
bætur úr ríkissjóði, en slíkt hefur verið talið stafa af því, að þeir gætu ekki annað  
embættisstörfum sínum á venjulegum starfstíma, heldur þyrftu þeir að vinna þau  
í eftirvinnu. En ekki er von, að vel fari, þegar embættismenn þessir og fulltrúar  
þeirra eru önnur kafnir við ýmis störf, er eigi koma við embættum þeirra.

Eftir er þó ótalið það, sem alvarlegast er. Þegar þessir menn hafa fjallað um  
málefni sem gerðardómsmenn, matsmenn eða gegnt ýmiss konar lögmansstörfum  
í sambandi við þau, veldur það vitaskuld vanhæfi þeirra til að leggja dóm á þau.  
Verða þeir þá að vikja sæti, en dómsmálaráðuneytið skipar setudómara til þess  
að fara með og dæma slík mál. Setudómarastörf eru unnin á kostnað ríkissjóðs.  
Eykst jafnt og þétt sú fúlga, er ríkissjóður greiðir fyrir slík störf, er vel mætti  
komast af án, ef embættismenn þessir og fulltrúar þeirra væru ekki að fást við  
störf, er eigi samrýmast embætti þeirra.

Ef framangreind tillaga verður samþykkt, má ætla, að tvennt vinnist, að ríkis-  
sjóði sparist verulegur kostnaður, og ekki síður hitt, að ríkisstarfsmenn þessir auki  
virðingu sína og verði sjálfstæðari í starfi.“

Til viðbótar því, sem fram kemur í greinargerð Lögmannafélagsins, vil ég benda  
á eftirfarandi:

Frumvarpið var aðeins tekið fyrir á einum fundi í allsherjarnefnd og lítið rætt.  
Slík vinnubrögð tel ég lítt forsvaranleg, þegar um stórmál er að ræða.

Þrátt fyrir ítrekaðar fyrirspurnir frá undirrituðum um það, hve mikinn auka-  
kostnað fyrirhuguð breyting mundi hafa í för með sér fyrir ríkissjóð, ef að lögum  
yrði, fengust engin viðhlítandi svör. Þetta vil ég átelja og tel, að þannig eigi ekki  
að vinna að framgangi mála á Alþingi. Nefndum Alþingis ber tvímælalaust skylda  
til að afla sér sem beztra upplýsinga um öll þau mál, sem fyrir liggja, og haga  
störfum sínum þar eftir.

Í þessu sambandi vil ég benda á, að frumvarpið var ekki sent til umsagnar til  
félagssamtaka lögmanna og lögfræðinga, og verður það að teljast alveg furðulegt.

Þótt ég telji, að afgreiðsla frumvarpsins hjá meiri hl. allsherjarnefndar hafi  
verið á allt annan veg en átt hefði að vera, mun ég ekki heita mér gegn því, að  
það nái fram að ganga, þó að því tilskildu, að viðbótartillaga mín við 11. gr. verði  
samþykkt, og í trausti þess, að samþykkt frumvarpsins leiði ekki til neinna veru-  
legra aukinna útgjalda fyrir ríkissjóð.

### BREYTINGARTILLAGA:

Aftan við 11. gr. bætist ný málsg., svo hljóðandi:

Embættismönnum þeim, er um ræðir í 2.—6. gr., og fulltrúum þeirra samkvæmt  
10. gr. er óheimilt að hafa á hendi öll lögmansstörf, svo og hvers konar önnur  
störf, er valda kunna vanhæfi þeirra.

Alþingi, 14. des. 1961.

Gunnar Jóhannsson.